

Sumarstörf í íþróttamiðstöð Vestmannaeyja

Sumarstarf sem sundlaugarvörður í íþróttamiðstöð Vestmannaeyja

Starfsmenn Íþróttamiðstöðvarinnar leitast við að veita viðskiptavinum, nemendum, iðkendum og öðrum hópum sem koma í íþróttamannvirki (Íþróttamiðstöð, Herjólfshöll og Týsheimili) undir stjórn Vestmannaeyjabæjar frábæra þjónustu í hreinu og snyrtilegu umhverfi þar sem áhersla er lögð á öryggi.

Starfshlutfall: 100%

Vinnufyrirkomulag: Vaktavinna; virka daga, á kvöldin og um helgar

Ráðningartímabil: Frá 1. júní til 30. ágúst eða eftir samkomulagi

Helstu verkefni:

- Bað- og sundlaugavarsla
- Þjónusta við viðskiptavinum
- Þrif
- Reglubundið eftirlit með tækjum og búnaði
- Framfylgja öryggis- og umgengnisreglum sundlauga
- Undirbúningur fyrir viðburði í húsinu
- Þjónusta við viðskiptavinum, skólabörn, kennara, þjálfara og aðra gesti

Hæfnikröfur:

- Umsækjendur þurfa að hafa náð 18 ára aldri
- Krafa um gilt hæfnispróf sundstaða skv. reglugerð um öryggi á sundstöðum. Boðið er upp á námskeið fyrir alla starfsmenn við upphaf ráðningar.
- Hreint sakavottorð skv. æskulýðslögum nr. 70/2007
- Gerð er krafa um ríka þjónustulund og færni í mannlegum samskiptum
- Samviskusemi, stundvísi og jákvæðni
- Sjálfstæð vinnubrögð

Laun skv. kjarasamningi: Stavey/Drífandi

*Nánari upplýsingar um starfið veitir Hákön Helgi Bjarnason forstöðumaður, í síma 488-2401
eða í gegnum netfangið: hakon@vestmannaeyjar.is*